Náttúrufræðistofnun

Norðurþing

Ragnheiður Ingibjörg Einarsdóttir

Ketilsbraut 7-9

640 HÚSAVÍK

Garðabær, 7. október 2026

Málsnúmer: 202609-0016

IAS

Efni: Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Bakka – 3. áfangi.

Vísað er til erindis Norðurþings frá 9. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufæðistofnunar um deiliskipulag iðanaðarsvæðis á Bakka. 3. áfanga.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Bakka, 3. áfangi sem nú er til umfjöllunar snýst um að vinna deiliskipulag svæðisins til að skilgreina lóðir á svæðinu til að mæta eftirspurn sem er til staðar. Gert er ráð fyrir þremur lóðum bæði austan og vestan megin við þjóðveg ásamt nýrri vegtengingu.

Byggingareitur iðnaðarlóðar A1.

Gert er ráð fyrir iðnaðarstarfsemi á lóðinni. Heimilt er að vera með mannvirki, stoðmannvirki, tæknibyggingar, spennistöðvar, varaaflstöðvar, UPS-rafhlöðubúnað, kælibúnað, eldsneytis- og mengunarvarnarbúnað, öryggisgirðingar, hljóðvarnir og manir. Heimilt er að vera með tækjabúnað fyrir starfsemi á lóðinni, s.s. loftræsti-, reyklosunar- og kælibúnað, stiga- og lyftuhús. Heimilt er að áður greindur tækjabúnaður nái allt að 3.5 metra yfir þakhæð að því gefnu að vera undir hámarkshæð mannvirkja lóðarinnar sem er 15 metrar. Hámarksvegghæð er 12 metrar á lóðinni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í vinnslutillögunni sem nú er kynnt er eingöngu fjallað um iðnaðarlóð A1, 51535 m^2, eða um 5,2 ha, innan iðnaðarsvæðis I-401 sem er alls 201 ha. Iðnaðarlóð A1 er austan þjóðvegar.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu sama máls þann 20. apríl 2026 en sú skipulagslýsing var fyrir allt iðnaðarsvæðið I-101.

Iðnaðarlóð A1 er utan verndarsvæða og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er vistgerðin fléttumóavist, með miðlungs verndargildi mest áberandi á lóðinni en þar finnast einnig víðikjarrvist og starungsmýravist, báðar með mjög hátt verndargildi, og lyngmóavist á láglendi, með hátt verndargildi. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í skalanum 1:25.000. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að stuðst sé við vettvangskannanir við mat á áhrifum skipulags á náttúrulegt umhverfi. Mikilvægt er að við skipulagsgerð verði lögð áhersla á að tekið sé tillit til vistgerða með mjög hátt og hátt verndargildi og að þeim verði ekki raskað.

Ljóst er því að verndargildi heildarsvæðisins (I-101) er mikið fyrir fjölbreytt fuglalíf og leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að tekið verði tillit til þess við skipulagsgerð og landnotkun. Náttúrufræðistofnun bendir á að hljóðmengun frá umferð, orkuvinnslu og ýmiss konar mannvirkjum geti haft neikvæð áhrif á fugla, meðal annars með því að fæla þá frá búsvæðum og trufla varp og

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000

fæðuöflun. Slík áhrif geta rýrt gæði búsvæða, þótt ekki verði um beint landrask að ræða. Mikilvægt er því að meta áhrif á fuglalíf við skipulagsgerð og mögulegar framkvæmdir og að gripið verði til viðeigandi mótvægisaðgerða eftir atvikum, svo sem takmarkana á framkvæmdum á varptíma, vali á framkvæmdarsvæði og kerfisbundinnar vöktunar.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur